



SÍMI 91-686855  
TELEFAX 91-681284

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 1630

komudagur 28/4 1994

SAMBANDSHÚSINU  
KIRKJUSANDI  
105 REYKJAVÍK

## 647. Tillaga til þingsályktunar um sumartíma, skipan frídaga og orlofs

Hér verður fjallað um hvern lið þessarar þingsályktunartillögu sérstaklega.

### Sumartími

Það virðist gleymast í tillögunni og greinargerð með henni að hér á landi er sumartími allt árið, þ.e.a.s. klukkan er klukkutíma á undan, miðað við þann grundvöll sem tímamæling er byggð á. Spurning er hvort ekki á að breyta þessu, færa klukkuna til samræmis við raunverulegan tíma, seinka henni um eina klukkustund. Það sem mælir með því er að hlutverk tímamælingarinnar er að mæla tíma og ekkert annað. Til þæginda hefur sólarhringnum verið skipt í tímaeiningar, sem eru miðaðar við stöðu sólar. Svo er ráð fyrir gert að þegar sól er í suðri á norðurhveli jarðar sé klukkan sem næst því að vera tólf. Þetta er hinn einfaldi grundvöllur tímasetningarinnar og það þurfa að vera sterk rök fyrir því að réttlætanlegt sé að falska tímann til þess að ná fram öðrum markmiðum.

Á undanförunum árum hafa viðhorf manna breyst mjög hér á landi varðandi flesta fjötra. Fjölmörg þjónustufyrirtæki opna nú klukkan átta á sumrin, þau sem telja sér henta það. Fiskvinnslufyrirtæki hefja störf klukkan sex eða sjö. Þau gera það af því að þeim hentar þetta og starfsfólkið er sátt við þetta. Það þarf ekki að breyta klukkunni til þess að ná þessu fram. Ef fyrirtæki þarf að haga vinnutíma sínum þannig að það auðveldi samskipti við Vestur-Evrópu er ekkert sem hindrar það, en ástæðulaust er að draga aðra með sér með lögbvingun og fjötrum. Annar vinnutími hentar betur í fyrirtæki sem hefur viðskipti við Ameríku og varla er hægt að seinka klukkunni fyrir þá.

Það er æskilegt að menn velji sér vinnutíma með tilliti til þess hvað hverjum hentar og hvað hverri starfsemi hentar. Það er æskilegt að sums staðar hefj-  
isst vinna klukkan sex, annars staðar klukkan sjö eða átta, eða jafnvel níu. Það yrði til þess að dreifa álagi á ýmsum sviðum og spara fé. Álag á síma myndi dreifast, sömuleiðis álag á samgöngumannvirki og fleira mætti telja. En að ætla sér að fella allt í sama farveg með því að falska tímann er út í hött. Hér verður lagst gegn slíkum hugmyndum.


## Fimmtudagsfrídagar

Þessir dagar hafa slitið vinnuvikuna sundur og valdið atvinnulífínu miklu tjóni. Sérstaklega átti það við í sjávarútvegi á meðan allt byggðist á vetrarvertíðum. Nú hafa vetrarvertíðir ekki eins mikla þýðingu og áður og þess vegna hafa þessir frídagar ekki eins skaðvænleg áhrif. Engu að síður valda þeir óþarfa röskun og væri eðlilegast að leggja þá niður og lengja orlof í staðinn, eða að færa þá að næsta frídegi. Æskilegt væri að aðilar vinnu- markaðarins gætu samið um þetta, en samt verður hér talið vel koma til greina að skipa nefnd til þess að kanna þetta eins og gert er ráð fyrir í þings- ályktunartillögum, og hafa samráð.

## Lagaskylda um vetrarorlof

Það er mjög óheppilegt að Alþingi blandi sér í lagasetningu um skipulag á vinnumarkaði, ef hægt er komast hjá því. Þó að hér sé aðeins gert ráð fyrir nefnd til þess að kanna málið eru í texta tillögunnar tekin af öll tvímæli um að stefnt er að lagafyrirmælum. Hér verður talið rétt að aðilar vinnumark- aðarins ræði þetta betur sín á milli áður en Alþingi hefur afskipti af málinu.

F.h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna



---

formaður

Til Nefndadeildar Alþingis,  
b.t. Ágústu Lárusdóttur, deildarfulltrúa  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 REYKJAVÍK